

Landeigendur krefja frambjóðendur og flokka um svör

Landssamtök landeigenda á Íslandi óskuðu formlega eftir því snemma í aprílmánuði að fá skrifleg svör frá stjórnmalaflokkum landsins við þeirri spurningu, hvort viðkomandi hyggðust beita sér fyrir breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58 frá 1998 eða breytingu á framkvæmd þessara laga. Skemmst er frá að segja að **enginn stjórnmalaflokkur hefur svarað erindinu, enn sem komið er**. Eftir því er líka tekið hve sjaldgæft það er í kosningabaráttunni að frambjóðendur sjái ástæðu til að víkja orðum að þjóðlendulögunum og þeirri aðför að stjórnarskrárvörðum eignarrétti sem varð okkur landeigendum tilefni stofnunar landssamtaka 25. janúar 2007.

Meginkrafa Landssamtaka landeigenda er sú að jörð, með athugasemdaleausu og þinglýstu landamerkjabréfi, teljist eignarland. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir máli sínu.

Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þeirri dæmalausú framkvæmd þjóðlendulaganna sem þjóðin hefur orðið vitni að undanfarin misseri. Báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú nýlega samþykkt stefnuyfirlýsingar í æðstu valdastofnunum sínum þar sem gefinn eru til kynna vilji til breyttra vinnubragða að þessu leyti.

- Flokksþing framsóknarmanna ályktaði í mars 2007 að skapa bæri sátt um eignarhald á landi með því að Alþingi og ríkisstjórn frestuðu frekari framgangi þjóðlendumála, löggin yrðu endurskoðuð og kröfum yrði ekki lýst í ný svæði.
- Landsfundur sjálfstæðismanna ályktaði í apríl 2007 að þess yrði gætt í hvívegna að eignarréttur landeigenda yrði virtur við meðferð þjóðlendumála og þinglýstar eignarheimildir virtar ásamt öllum lögvörðum réttindum sem jörðum fylgdu.

Ályktunirnar eru góðar svo langt sem þær ná en fögrum orðum verður að fylgja sú athöfn að flokkar lýsi yfir, fyrir kosningar, hvað þeir hyggist nákvæmlega fyrir í þessum efnum.

Landssamtök landeigenda á Íslandi hafa nú óskað eftir fundi með fjármálaráðherra til að ítreka sjónarmið sín og fá svör við brennandi spurningum. Samtökin spyrja enn og aftur alla flokka og frambjóðenda til Alþingis 12. maí 2007:

Ætlið þið að beita ykkur fyrir því að breyta þjóðlendulögunum strax í upphafi næsta kjörtímabils eða breyta framkvæmd núverandi laga ef þið komist í aðstöðu til slíks?

F.h. stjórnar LLÍ,
Guðný Sverrisdóttir, formaður,
sími 864 4504

**Hr. Árni M. Matthiesen,
fjármálaráðherra
Arnarhvoli**

Grenivík 25. apríl 2007

Varðar: Breytingu á meðferð þjóðlendumála.

Þann 25. jan 2007 voru stofnuð Landssamtök landeigenda á Íslandi. Tilgangur samtakanna er að standa vörð um eignarrétt bænda og annara landeigenda að jörðum þeirra og afréttum, og vera þeim bakhjarl í þeirri baráttu sem landeigendur eiga í gagnvart ríkinu í Þjóðlendumálum.

Ástæðan fyrir því að umrædd samtök voru stofnuð, er sú mikla kröfuharka sem ríkið og dómstólar hafa sýnt við meðferð þjóðlendumálanna. Landeigendur telja að þar sé farið langt út fyrir markmið þjóðlendulaga auk þess að ekki sé tekið mið af réttmætum væntingum þinglýstra eigenda jarðeigna, í ljósi margsháttar viðurkenningar ríkisvaldsins á eignarrétti þeirra, einkum í ljósi skattheimtu hins opinbera á eignum þessum, til að njóta eigna sinna í friði.

Stjórn félags landeigenda telur að niðurstaða nokkurra dóma Hæstaréttar um ágreiningsmál þessi sé óásættanleg, en þremur þeirra hefur nú verið vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu svo sem þekkt er. Niðurstöðu þessara dóma má rekja til lagasetningar Þjóðlendulaga, sem við teljum að stangist á við Mannréttinasáttmálann. Úr þessu verður að bæta og jafnframt rétta hlut þeirra sem bera skarðan hlut frá borði vegna þessa. Það er ekki hægt að una því að byggt verði á hinum efnislega röngu dómsniðurstöðum í framtíðinni.

Á stofnfundi samtakanna var því samþykkt ályktun þess efnis að nauðsyn bæri til að breyta þjóðlendulögunum í þeim tilgangi að styrkja stöðu þinglýstra landareigna þ.e. þeirra fasteigna sem hafa þinglýst landamerkjabréf samkvæmt landamerkjalogum utan um landið. Var ályktað í þá veru að skýrt þyrfti að vera í lögum að jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland, sá sem héldi öðru fram hafði sönnunarbyrðina fyrir því.

Í framhaldinu fór stjórn samtakanna á fund allra þingflokka og kynnti hugmyndir að lagabreytingu í samræmi við ofanritað.

Er skemmt frá því að segja að ekki virtist áhugi fyrir lagabreytingu, enda kom engin slík tillaga fram á vörþinginu. Þrátt fyrir það hafa stjórnarflokkarnir nú báðir ályktað á nýafstöðnum landsþingum að staldra beri við í málinu. Hugsanlega þurfi að endurskoða lögin, allavega að endurskoða beri vinnubrögð við kröfugerð og fl. auk þess sem hnykkt er á því að þinglýstan eignarrétt beri að virða.

Á ágætum fundi með yður 23. apríl sl. var stjórn landeigendafélagsins kynntar hugmyndir Fjármálaráðuneytisins að breyttum vinnubrögðum við kröfugerð ríkisins, auk þess sem því hefur verið lýst yfir að ríkið muni í auknum mæli beita sér fyrir sáttameðferð í málum þessum og það muni ekki áfrýja niðurstöðu óbyggðanefndar til dómstóla nema í undantekningartilfellum. Hluti af þessum tillögum var kynntur í Morgunnblaðinu í gær.

Í þessu ljósi óskar félag landeiganda á Íslandi eftir því að fá skriflega greinargerð frá yður um í hverju nákvæmlega hinar breyttu verklagsreglur felast og með hvaða hætti þess muni sjást stað á næstum vikum.

Virðingarfyllt

f.h. félags landeigenda á Íslandi

Guðný Sverrisdóttir formaður

Lomo

From: Ingibjörg S. Gísladóttir [isg@althingi.is]
Sent: 8. maí 2007 16:01
To: Lomo
Subject: Um þjóðlendar

Sæl Guðný og þakka þér fyrir að hnippa í mig vegna þjóðlendumálanna. Þannig er nú fyrir manni komið að þau erindi sem berast bréflaga lenda til hliðar en hin sem berast rafrænt eru svo ágeng að þau fá hraðari afgreiðslu. Þú fyrirgefur töfina og ég vona að þér dug svar mitt þó það berist ekki bréflaga.

Um þjóðlendumálin hefur ég þetta að segja: Samfylkingin telur brýnt að endurskoða framkvæmd þjóðlendulaganna frekar en löggin sjálf. Framkvæmd þeirra hefur verið mjög harkaleg en frá því að lög um þjóðlendar voru samþykkt á Alþingi árið 1998 hefur fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins, verið mun harðrægar í kröfugerðinni á hendur bændum og landeigendum en nokkurn óraði fyrir við setningu laganna. Má raunar halda því fram að það sé þvert á tilgang og anda laganna. Því þarf að endurskoða framkvæmdina.

Lögunum, sem var ætlað að skera úr um mörk eignarlanda og þjóðlenda, hefur verið snúið upp í hernað gegn þinglýstum eignum bænda og landeigenda. Ríkið gerir kröfur á allt land sem er 400 metrum yfir sjávarmáli og sumstaðar er farið í 100 metra yfir sjávarmáli og reyndar allt í sjó fram. Mörgum atriðum er snúið á hvolf í málsmeðferð óbyggðanefndar. Landeigendur þurfa að sanna að þeir eigi landið og þinglýst landamerkjabréf frá 19. og 20. öld eru jafnvel ekki tekin gild. Sönnunarbyrðinni er snúið við. Það er ójafn leikur, ekki síst í átökum einstaklinga og ríkisvalds, og því þarf að breyta.

Hálendið er sameign þjóðarinnar allrar. Það var tilgangur laganna að skýra það og skilgreina. Um það var samstaðan á þingi. Tilgangurinn var að eyða réttaróvissu og koma skipulagsmálum á hálendinu á hreint. Það er hinsvegar framkvæmd laganna sem hefur verið með ólíkindum og fjármálaráðherra farið offari gegn landeigendum. Þjóðlendulöggin veita ríkinu ekkert skjól til slíkrar framöngu. Það er alveg ljóst. Því þarf að endurskoða framkvæmd laganna og það ætlum við að gera.

Með bestu kveðju,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,

formaður Samfylkingarinnar.

From: Lomo [mailto:lomo@grenivik.is]
Sent: 6. maí 2007 16:28
To: Ingibjörg S. Gísladóttir
Subject:

Sæl Ingibjörg. Við hjá Landssamtökum landeigenda á Íslandi sendum þér bréf varðandi þjóðlendumál 4. apríl sl. Meigum við eiga von á svári frá þér fyrir kosningar? Kveðja Guðný Sverrisdóttir.

Reykjavík 17. apríl 2007

Ég hef fengið bréf Landssamtaka landeigenda, dags 4.4.2007, um afstöðu Framsóknarflokksins til baráttumála samtakanna.

Því er til að svara að Framsóknarmenn á alþingi og í ríkisstjórn hafa nú þegar unnið að því að ná fram samkomulagi um breytt verklag við framkvæmd þjóðlendulaganna, í samræmi við þau sjónarmið sem Landssamtök landeigenda hafa nú gert kröfu um.

Þessi vinna stendur enn yfir.

Framsóknarmenn munu áfram vinna að þessum markmiðum og munu beita sér fyrir breytingum á þjóðlendulögum ef fullnægjandi samkomulag um breytt verklag næst ekki.

Með bestu kveðjum



Jón Sigurðsson

Formaður Framsóknarflokksins



Reykjavík 16. apríl 2007

Guðný Sverrisdóttir
Formaður Landsamtaka landeigenda á Íslandi

Sæl Guðný,

Eins og þú og þínir félagar, sem mættu á fund með þingflokki Frjálslynda flokksins í Alþingishúsinu, voruð upplýst um, er það yfirlýst stefna þingmanna Frjálslynda flokksins að að virða beri þinglýstan eignarétt landeigenda og landamerkjabréf. Einnig ber að virða eignarlönd, enda hefðu eigendur greitt af þeim eignum skatta og skyldur til ríkis og sveitarfélaga.s

Við í Frjálslynda floknum munum þess vegna standa að því að sú réttarstaða verði virk sem tryggi viðhorf okkar í þessu máli.

Það er okkar skoðun að ef löglegir pappírar verða ekki virtir séum við að fara út í algert fúafen sem enginn botn verði í sem byggja megi á um landareignir fólks.

Með kærri kveðju,

Guðjón Arnar Kristjánsson
Formaður Frjálslynda Flokksins

Reykjavík, 4. maí 2007

Formaður stjórnar Landssamtaka landeigenda á Íslandi
Guðný Sverrisdóttir
Stórasvæði 8
601 Grenivík

Í upphafi vil ég undirritaður, fyrir hönd Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, biðjast velvirðingar á að nokkur dráttur hefur orðið á að bréfi ykkar frá 4. apríl sl. yrði svarað. Koma þar til annir í kosningabaráttunni og ekki síst mikil ferðalög undirritaðs um landið. Þá vil ég einnig þakka fyrir góðan fund sem þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs átti með ykkur skömmu fyrir þinglok sl. vetrar.

Varðandi afstöðu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til þeirra spurninga sem bornar eru upp í bréfi þínu frá 4. apríl, og varða annars vegar mögulegar breytingar á þjóðlendulögum og hins vegar breytt verklag við framkvæmd þeirra, vil ég taka fram eftirfarandi: Í okkar röðum er það almennt sjónarmið að óumflýjanlegt sé að ljúka þeirri framkvæmd sem nú er langt komin og lýtur að því að skera úr um eignarmörk landa í einkaeigu og lands sem enginn getur sannað eignarrétt sinn á og teljist því sameiginleg eign þjóðarinnar eða landsmanna allra, þjóðlenda. Fyrir aðgerðinni sem slíkri standa ýmis rök og almennt teljum við að ekki sé ágreiningur um að verkefninu sem slíku þurfi að ljúka.

Hitt er annað mál að framkvæmdin hefur þróast að ýmsu leyti á annan veg en menn gerðu ráð fyrir í upphafi og er það mjög miður að svo miklar deilur hafa orðið um málið og ferlið allt orðið umfangsmeira og kostnaðarsamara en menn sáu fyrir. Ýmsir í okkar röðum, þ.á. m. þingmenn og frambjóðendur, hafa orðið til að gagnrýna framkvæmdina og það hversu hart ríkið hefur gengið fram að þessu leyti og er það okkar sjónarmið að æskilegt sé að endurskoða verklagið og leita leiða til þess að ljúka verkefninu á átakaminni hátt en tekist hefur til þessa. Með því er í reynd svarað annarri meginspurningunni: Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að hyggilegt væri að endurskoða framkvæmd málsins og þá sérstaklega hvort ekki sé unnt að ljúka verkefninu á átakaminni hátt en hingað til hefur tekist. Höfum við þá ekki síst í huga að reynt verði eftir megni að leysa málin í sáttafarvegi sem lögin gera ráð fyrir að fara megni og styðjast þá við þegar gengna úrskurði og dóma.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt við framkvæmd laganna að allrar sanngirni sé gætt og að málsaðilum sé gert kleift að kynna sér gögnin sem liggja að baki kröfugerð ríkisins fyrr í ferlinu en tíðkast hefur. Flokkurinn telur að tillitssemi í framkvæmd laganna hljóti að vera sameiginlegt áhugamál og keppikefli beggja málsaðila, landeigenda og ríkisins fyrir hönd almennings og þjóðarinnar í þessu tilviki. Varðandi endurskoðun laganna sjálfra útilokum við slíkt ekki fyrirfram

Loks leggjum við mikla áherslu á að mótuð verði skýr framtíðarstefna um það hvernig með þjóðlendum verður farið. Ekki komi til greina undir nokkrum kringumstæðum að landi sem einu sinni hefur verið úrskurðað þjóðlenda verði afsalað úr eigu þjóðarinnar. Skiptir þá engu máli hvaða aðili ætti í hlut sem ásældist landið.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hefur lýst sig algerlega andvígán frumvarpi sem bæði núverandi og fyrrverandi forsætisráðherra hafa lagt fyrir Alþingi um að afhenda fyrirtækinu Landsvirkjun hluta úr úrskurðaðri þjóðlendu. Það er okkar trú að liður í sátt milli einstakra landeigenda og þjóðarinnar allrar sé m.a. fólgin í því að tekinn sé af allur vafi um að land sem einu sinni verður úrskurðað þjóðlenda verði upp frá því um aldur og ævi sameign íslensku þjóðarinnar.

Við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði höfum einnig rætt um þann möguleika að í þeim tilvikum sem afmörkuð landsvæði nær byggð kunni að verða úrskurðuð þjóðlenda eigi að koma til álita hvort ekki sé unnt að standa þannig að framkvæmd mála í framtíðinni að umsjón slíkra svæða geti þá orðið í höndum viðkomandi sveitarfélaga eða héraða þannig að slíkir aðilar geti komið til greina sem umsjónaraðilar einstakra þjóðlendusvæða ekki síður en ríkið.

Með góðri kveðju fyrir hönd Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs
Steingrímur J. Sigfússon